

Fundargerð 65. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, fimmtudaginn 22. júní kl. 09:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Inn á fund stjórnar komu Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Jón G. Valgeirsson og Guðmundur Haukur Jakobsson frá starfsnefndinni.

Rætt var um næstu skref samtakanna í orkumálum og hvaða stefnu hún á að taka. Einnig var rætt um verkefni starfsnefndarinnar og hvaða áherslu hún ætti að leggja á.

Fundarmenn voru almennt sammála að fylgja þeim málum sem hafa verið unnin fast eftir.

Starfsnefndin sagði frá því að Daði Már Kristjánsson, prófessor við Háskóla Íslands hefur ásamt nemenda við sama skóla hafið vinnu við útreikning er varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í haust.

Á fundinum var komið inn á mál sem skipta orkusveitarfélög miklu máli eins skattlagningu vatnsréttinda og fasteignamat stöðvarhúsa.

Haraldur, Ísleifur, Jón og Guðmundur víkja af fundi.

Starfshópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem skoða á skattalegt umhverfi orkuvinnslu hafa boðið fulltrúum Samtaka orkusveitarfélaga til fundar 27 júní nk.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir og Jónína Brynjólfsdóttir mæti fyrir hönd stjórnarinnar á fund starfshópsins og að Jón G. Valgeirsson og Ísleifur Jónasson mæti fyrir hönd starfsnefndarinnar á fundinn 27. júní. Stjórn leggur ríka áherslu á að gott og virkt samtal verði milli Samtaka orkusveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og starfshópsins meðan hann er að störfum.

2. Fjármál SO - rekstrarstaða - 2011004SO

Lagt var fram til kynningar samantekt á rekstri samatakanna á árinu. Formaður fór yfir helstu gjaldaliðina og stöðuna á bankareikningi.

3. Kynning frá fyrirtækinu Smávirkjanir - 2109001SO

Inn á fund stjórnar kom Erla Björk Þorgeirsdóttir frá Verkfræðistofunni Afl og Orka. Kynnti hún fyrir stjórninni uppbyggingu smávirkjana sem verkfræðistofan hefur komið að í gegn um fyrirtækið Smávirkjanir ehf.

Fundi var slitið kl. 12:00

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Jónína Brynjólfsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson